

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 51/2004**

**frá 23. apríl 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2004 frá 19. mars 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1668/2003 frá 1. september 2003 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 að því er varðar tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2702/98 um tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2702/98):  
„- **32003 R 1668**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1668/2003 frá 1. september 2003 (Stjtíð. ESB L 244, 29.9.2003, bls. 32).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1g (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1228/1999):  
„1h. **32003 R 1668**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1668/2003 frá 1. september 2003 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 að því er varðar tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2702/98 um tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja (Stjtíð. ESB L 244, 29.9.2003, bls. 32).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 144 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 22, 29.4.2004, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 244, 29.9.2003, bls. 32.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1668/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

P. Westerlund

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.